



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

28. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Félagsheimilinu að Borg þann 14. apríl klukkan 17:30

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Jakob Guðnason, varamaður í fjarveru Péturs Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Þorkell Þorkelsson, fulltrúi sveitarstjórnar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Jakob Guðnason

1) 17. júní.

Formaður fór á fund með fulltrúum sveitarstjórnar og kvenfélags Grímsneshrepps og voru upp umræður að fá kvenfélagið til að vera með kökubasar í stað þess að vera með pylsur eins og undanfarin ár. Vera þá með kökubasar inni í Félagsheimili og hátíðarhöld, ræður og annað utandyr. Fer svo allt eftir veðri.

Dagskrá hefst kl. 13.00 og lýkur 16.30

Þarf að útvega svið (kassabíll með heilopnun t.d. athuga Flytjanda og Samskip, Jakob heyrir í nokkrum aðilum).

Skemmtiatriði og ræðuhöld

- a) Verið að bíða eftir staðfestingu á skemmtiatriðum annars staðar í uppsveitum og reyna á að samnýta skemmtikrafta ef hægt er.
- b) Elsa úr Frost söngleiknum kostar 200.000-250.000 kr. fyrir 15 – 20 mínútna atriði og svo að hitta krakkana og taka myndir. Samþykkt. Anna bókar.
- c) Fá tilboð í andlitsmálningu frá konu sem sá um andlitsmálningu fyrir Grímsævintýrin - Anna athugar.
- d) Ræðuhöld - árið 2025 er kvennaár, þarf að finna öfluga ræðumanneskju – Anna athugar.
- e) Hljóðkerfi - tala við Halla Valla hvort að þeir eigi eitthvað sem hægt er að nota.
- f) Heilsueflandi hvatningarverðlaun verða afhent.
- g) Leikfélagið eru þeir með einhver atriði?
- h) FOLF keppni? Það eru til verðlaunapeningar.
- i) Jakob sendir fyrirspurn á PilkingtonProps skemmtikraft.
- j) Hoppukastali. Það þarf að sækja hann og skila. Starfsmaður GOGG ætti að gera það. Hoppukastalinn gæti verið inni í íþróttahúsi ef veðrið er ekki skemmtilegt.
- k) Það þarf ekki að kaupa fána en það má skoða hvort að það eigi að kaupa fleiri “carnival” tæki, til dæmis að skoða leikföng í Costco.
Það þarf að fá staðfestingu á að unglingavinnukrakkarnir verði í vinnu á 17.júní – Anna athugar.



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

2) Borg í Sveit/Grímsævintýri

23. ágúst staðfest dagsetning. Ekki komið á hreint með aðkomu GOGG hvort að viðburðurinn fái starfsmann í verkefnið.

Tónleikar eða ball um kvöldið.

Það verður að búa til nýtt lógó um Grímsævintýri og einnig skoða nafnið um Grímsævintýri.

3) Önnur verkefni atvinnu og menningarmálanefndar á árinu

Ekki tími í önnur verkefni fyrr en í september til desember. Auglýsa eftir aðilum í sveitarfélaginu sem eru að gera menningartengda hluti og gera það í samstarfi við fleiri, t.d. bókasafnið.

Auglýsa það í ágúst/september Hvatarblaði.

4) Fundartímar nefndarinnar fram að 17. júní.

Næsti fundur 5. maí, kl. 17:30

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 19:00